

AUGLÝSING

um bókun við tvísköttunarsamning við Belgíu.

Bókun um breytingu á samningi milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Belgíu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir sem undirritaður var í Brussel hinn 23. maí 2000, sem gerð var í Brussel 15. september 2009, öðlaðist gildi 14. apríl 2015.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.
Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 27. júní 2017.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Haukur Jóhannesson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

UM BREYTINGU Á SAMNINGI MILLI
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
OG
KONUNGRÍKISINS BELGÍU
TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNDANSKOT FRÁ
SKATTLAGNINGU Á TEKJUR OG EIGNIR
SEM UNDIRRITAÐUR VAR Í BRUSSEL HINN 23. MAÍ 2000

RÍKISSTJÓRN LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG RÍKISSTJÓRN KONUNGRÍKISINS BELGÍU

sem vilja gera bókun til breytingar á samningnum milli lýðveldisins Íslands og konungsríkisins Belgíu til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir, sem undirritaður var í Brussel hinn 23. maí 2000

(hér á eftir nefndur „samningurinn“),

hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæði 26. gr. samningsins falli brott og í stað þeirra komi eftirfarandi:

1. Bær stjórnvöld í samningsríkjunum skulu skiptast á upplýsingum sem gert er ráð fyrir að skipti máli fyrir framkvæmd ákvæða þessa samnings eða framkvæmd eða fullnustu laga samningsríkjanna varðandi skatta, hverju nafni sem þeir nefnast, sem þau leggja á, að því leyti sem viðkomandi skattlagning fer ekki í bága við ákvæði samningsins. Skipti á upplýsingum takmarkast ekki af ákvæðum 1. og 2. gr.
2. Með allar upplýsingar, sem samningsríki veitir viðtöku skv. 1. mgr., skal fara sem trúnaðarmál á sama hátt og farið er með upplýsingar sem aflað er samkvæmt lögum þess ríkis og skulu þær eingöngu afhentar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og stjórnarsýslu-aðilum) sem hafa með höndum álagningu eða innheimtu á þeim sköttum sem um getur í 1. mgr. eða fullnustu eða ákærvald varðandi þá skatta eða úrskurði um kærur vegna þeirra

- skatta eða eftirlit með framangreindu. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í ofangreindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum. Þrátt fyrir framangreint, má nota upplýsingar sem móttæknar eru af samningsríki í öðrum tilgangi ef nota má slíkar upplýsingar í slíkum tilgangi samkvæmt lögum beggja samningsríkjanna og bært stjórnvald þess ríkis sem leggur til upplýsingarnar heimilar slíka notkun.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi þá skyldu á samningsríki:
 - a) að framkvæma stjórnáráðstafanir sem víkja frá lögum og stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
 - b) að veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða almennum stjórnsýsluvenjum þess eða hins samningsríkisins;
 - c) að veita upplýsingar sem myndu ljósra upp leyndarmálum eða framleiðsluáðferðum á sviði viðskipta, atvinnumála, iðnaðar, verslunar eða sérfræðipækkingar eða veita upplýsingar sem myndu stríða gegn allsherjarreglu (ordre public) ef þær væru gerðar opinberar.
 4. Ef samningsríki fer fram á upplýsingar í samræmi við ákvæði þessarar greinar skal hitt samningsríkið nota þær aðferðir sem það hefur yfir að ráða til að afla þeirra upplýsinga sem óskað er eftir jafnvel þótt síðarnefnda ríkið þurfi ekki á þeim að halda vegna eigin skattamála. Sú skuldbinding sem felst í fyrri málslíð er háð takmörkunum 3. mgr. þessarar greinar en í engu tilviki skulu þær takmarkanir notaðar til að heimila samningsríki að synja um veitingu upplýsinga af þeirri ástæðu einni að það sjálft hafi enga þörf fyrir þær.
 5. Í engu tilviki skal túlka ákvæði 3. mgr. þessarar greinar þannig að þau heimili samningsríki að synja um veitingu upplýsinga af þeirri ástæðu einni að þær séu í vörslu banka, annarrar fjármálastofnunar, fjárvörslusjóða, stofnana, tilnefnds aðila eða aðila, sem kemur fram sem umboðsaðili eða annast fjármunavörslu, eða þær tengjast hagsmunum eiganda aðila. Til þess að geta aflað slíkra upplýsinga skulu skattyfirvöld þess samningsríkis sem beiðni er beint til hafa vald til þess að óska eftir birtingu upplýsinga og til að stjórna rannsóknum og yfirheyrslum þrátt fyrir andstæð ákvæði í innlendum skattalögum þess.“

2. gr.

Hvort samningsríki um sig skal tilkynna hinu samningsríkinu eftir diplómátskum leiðum um að þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegar eru samkvæmt lögum þeirra fyrir gildistöku þessarar bókuar sé lokið. Bókunin skal öðlast gildi á þeim degi sem síðari tilkynningin berst og ákvæði hennar skulu koma til framkvæmda:

- a) að því er varðar staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, vegna tekna sem færðar eru til tekna eða sem greiða skal 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar bókunin öðlast gildi;
- b) að því er varðar aðra skatta sem krafist er á tekjur skatttímabila sem byrja 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar bókunin öðlast gildi;
- c) að því er varðar alla aðra skatta sem lagðir eru á af hálfu samningsríkjanna, á alla aðra skatta sem krafist er og varða skattskylda atburði sem eiga sér stað 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar bókunin öðlast gildi.

3. gr.

Bókun þessi, sem skal vera óaðskiljanlegur hluti af samningnum, skal gilda jafnlengi og samningurinn er í gildi og skal vera í framkvæmd jafnlengi og samningurinn er framkvæmdur.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Brussel hinn 15. september 2009 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands:

Fyrir hönd ríkisstjórnar
konungsríkisins Belgíu:

Stefán Haukur Jóhannesson

Didier Reynders

PROTOCOL
AMENDING THE CONVENTION BETWEEN
THE REPUBLIC OF ICELAND
AND
THE KINGDOM OF BELGIUM
FOR THE AVOIDANCE OF DOUBLE TAXATION
AND THE PREVENTION OF FISCAL EVASION
WITH RESPECT TO TAXES ON INCOME AND ON CAPITAL,
SIGNED AT BRUSSELS ON 23 MAY 2000

THE GOVERNMENT OF THE REPUBLIC OF ICELAND AND THE GOVERNMENT
OF THE KINGDOM OF BELGIUM,

Desiring to amend the Convention between the Republic of Iceland and the Kingdom of Belgium for the avoidance of double taxation and the prevention of fiscal evasion with respect to taxes on income and on capital, signed at Brussels on 23 May 2000

(hereinafter referred to as “the Convention”),

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE I

The text of Article 26 of the Convention is deleted and replaced by the following:

- “1. The competent authorities of the Contracting States shall exchange such information as is foreseeably relevant for carrying out the provisions of this Convention or to the administration or enforcement of the domestic laws concerning taxes of every kind and description imposed by or on behalf of the Contracting States, insofar as the taxation thereunder is not contrary to the Convention. The exchange of information is not restricted by Articles 1 and 2.
2. Any information received under paragraph 1 by a Contracting State shall be treated as secret in the same manner as information obtained under the domestic laws of that State and shall be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, the determination of appeals in relation to the taxes referred to in paragraph 1, or the oversight of the above. Such persons or authorities shall use the information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions. Notwithstanding the foregoing, information received by a Contracting State may be used for other purposes when such information may be used for such other purposes under the laws of both States and the competent authority of the supplying State authorises such use.
3. In no case shall the provisions of paragraphs 1 and 2 be construed so as to impose on a Contracting State the obligation:
 - (a) to carry out administrative measures at variance with the laws and administrative practice of that or of the other Contracting State;
 - (b) to supply information which is not obtainable under the laws or in the normal course of the administration of that or of the other Contracting State;
 - (c) to supply information which would disclose any trade, business, industrial, commercial or professional secret or trade process, or information, the disclosure of which would be contrary to public policy (*ordre public*).
4. If information is requested by a Contracting State in accordance with the provisions of this Article, the other Contracting State shall use its information gathering measures to obtain the requested information, even though that other State may not need such information for

its own tax purposes. The obligation contained in the preceding sentence is subject to the limitations of paragraph 3 of this Article but in no case shall such limitations be construed to permit a Contracting State to decline to supply information solely because it has no domestic interest in such information.

5. In no case shall the provisions of paragraph 3 of this Article be construed to permit a Contracting State to decline to supply information solely because the information is held by a bank, other financial institution, trust, foundation, nominee or person acting in an agency or a fiduciary capacity or because it relates to ownership interests in a person. In order to obtain such information the tax administration of the requested Contracting State shall have the power to ask for the disclosure of information and to conduct investigations and hearings notwithstanding any contrary provisions in its domestic tax laws.”

ARTICLE II

Each of the Contracting States shall notify the other Contracting State, through diplomatic channels, of the completion of the procedures required by its law for the bringing into force of this Protocol. The Protocol shall enter into force on the date of the later of these notifications and its provisions shall have effect:

- a) with respect to taxes due at source on income credited or payable on or after January 1 of the year next following the year in which the Protocol entered into force;
- b) with respect to other taxes charged on income of taxable periods beginning on or after January 1 of the year next following the year in which the Protocol entered into force;
- c) with respect to any other taxes imposed by or on behalf of the Contracting States, on any other tax due in respect of taxable events taking place on or after January 1 of the year next following the year in which the Protocol entered into force.

ARTICLE III

This Protocol, which shall form an integral part of the Convention, shall remain in force as long as the Convention remains in force and shall apply as long as the Convention itself is applicable.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned duly authorised thereto by their respective governments, have signed this Protocol.

DONE in duplicate at Brussels, on this 15th day of September 2009, in the English language.

FOR THE GOVERNMENT
OF THE REPUBLIC OF ICELAND:

Stefán Haukur Jóhannesson

FOR THE GOVERNMENT
OF THE KINGDOM OF BELGIUM:

Didier Reynders